

Nd.

480. Nefndarálit

[259. mál]

um frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar mælir með frumvarpinu að viðbættum þeim breytingartillögum, sem formaður nefndarinnar flytur á sérstöku þingskjali.

Meginefni þessa frumvarps er byggt á samkomulagi, sem var gert milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðssamtaka í sambandi við nýgerða kjarasamninga. Samkvæmt samkomulaginu skal tekjuskattur, sem lagður er á einstaklinga, lækka mjög verulega, en á móti kemur 5% söluskattur, sem ekki kemur inn í vísitöluna. Þá var samið um sérstakar bætur til handa þeim, sem ekki njóta neins hagnaðar af tekjuskattslækkuninni og yrðu ella að taka á sig söluskattshækkunina óbætta.

Allmikið hefur verið deilt um, hvort söluskattshækkunin nemi hærri upphæð en tekjuskattslækkunin og þau aukaútgjöld, sem ríkissjóður tekur á sig vegna þessara breytinga. Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur aflað sér nýjustu áætlana, sem fyrir liggja hjá viðkomandi embættismönnum um þetta efni. Samkvæmt þeim mundi álagður tekjuskattur á einstaklinga nema réttum 7 milljörðum króna samkvæmt núgildandi skattalögum, en verða 4.1 milljarðar króna samkvæmt skattalagabreytingunni. Tekjutap ríkissjóðs vegna tekjuskattslækkunarinnar yrði þá 2.9 milljarðar króna. Við þetta hætast svo útgjöld ríkissjóðs vegna svonefnds skattafsláttar, sem eru áætluð 550 milljónir króna, og svo aukin útgjöld ríkissjóðs vegna söluskattshækkunarinnar, sem eru áætluð 100 millj. kr. Samtals nemur því tekjutap og aukin útgjöld ríkisins 3550 milljónum króna á þessu ári. Á móti kemur svo 5% söluskattur, en áætlað er, að eitt söluskattsstig nemi um 680 millj. kr. á tímabilinu 1. mars—31. desember, eða samtals 3400 millj. króna. Frá þessu dregst, að mars verður hálfur liðinn, þegar frumvarp þetta kemur til framkvæmda, ef að lögum verður. Sést á þessu, að 5% söluskattur nægir ekki til að bæta til fulls tekjutap og aukin útgjöld ríkisins á þessu ári vegna skattalagabreytingarinnar. Hins vegar yrði þetta dæmi hagstætt á ársgrundvelli, en reiknað er með, að hvert söluskattsstig nemi þá um 800 millj. kr., eða 5% söluskattur um 4000 millj. á ársgrundvelli.

Í þessu sambandi er rétt að leggja áherslu á eftirfarandi ákvæði í samkomulagi ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar:

„Fulltrúar ASÍ leggja á það áherslu, að með því að fallast á 5%-stiga hækkun söluskatts sé tekið mið af skertri álagningu á árinu 1974. Á árinu 1975 verði því að taka tillit til þess við skattaákvæðanir, þannig að þá verði metið, hvað 5%-stiga hækkun á söluskatti nemi yfir árið, og jafnframt, hve skattalækkun þá nemi miklu samkvæmt nýja skattstiganum, og að því leyti sem söluskatturinn verður talinn nema hærri upphæð, þá verði sá hluti, sem umfram er, metinn inn í kaupgjaldsvísitölu.“

Í samræmi við þetta ákvæði samkomulagsins mun hlutfallið milli tekjuskattslækkunarinnar og söluskattshækkunarinnar metast að nýju á næsta ári, þegar hægt verður að miða við ársgrundvöll.

Því hefur verið haldið fram, að verðbólgan muni auka tekjur ríkisins meira en hún eykur útgjöld þess. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á alveg nýrri spá, sem sérfræðingar hafa gert um breytingar, sem verða á fjárlögum vegna orðinna og væntanlegra verð- og kauphækkana. Samkvæmt þessari spá munu útgjöldin hækka um 3655 millj. króna, en tekjurnar um 3088 millj. króna. Samkvæmt þessu verða breytingarnar frá fjárlögum ríkissjóði í óhag um 567 millj. króna. Hér er því síður en svo upp á eitthvað að hlaupa til að mæta tekjuskattslækkuninni.

Alþingi, 12. mars 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
form.

Gils Guðmundsson,
fundaskr.

Þórarinn Þórarinsson,
frsm.

Karvel Pálmason.